

Stóru-Vogaskóli, Tjarnargata 2

Viðbragðsáætlun vegna hættuástands

Upplýsingar eru á heimasíðu Sveitarfélagsins Voga www.vogar.is/natturuva og hjá hlutaðeigandi stofnunum sveitarfélagsins.

Ef viðbragðsáætlun er virkjuð verður tekin ákvörðun um að foreldrar sækja börnin í skólann.

Helstu skref:

1. Aðgerðarstjórn (lögregla) tilkynnir um hættuástand
2. Skólastjórnendur upplýsa starfsfólk
3. Rýmingarstjóri skipaður
4. Manntal, starfsfólk og nemendur
5. Nemendur fara í heimastofur
6. Foreldrar sækja við inngang

Hlutverk skólastjórnenda:

- Skólastjórnendur skipa rýmingarstjóra sem fylgist með rýmingarferlinu og aðstoða eftir þörfum bæði foreldra og starfsfólks.
- Koma upplýsingum út í allar stofur skv. upplýsingum frá aðgerðarstjórn.
- Tryggja almenna starfsmenn við alla útganga skólans til að varna því að nemendur hlaupi út (yngsta-, mið- og elsta stigs, skrifstofu, bókasafn, Tjarnarsal, starfsmannainngang, smíðastofu, náttúrufræði, unglíngagangar efri og neðri).
- Stjórnendur eru í samskiptum við aðgerðarstjórn.
- Skólastjórnendur meta hvort hægt sé að leysa starfsfólk af og þá er mikilvægt að þeir sem eiga börn á leik og grunnskólaaldri fari fyrst.
- Skólastjórnendur og rýmingarstjóri fara síðastir úr húsi og ganga úr skugga um að allir séu farnir út, gluggar og hurðir lokaðar, útidyr opnar. Að lokum eru upplýsingar veittar til aðgerðarstjórnar.

Rýmingarstjóri:

- Hann þarf að vera skilgreindur og auðkenndur með gulu vesti.
- Hann þarf að vera með aðgang að nafnalistum nemenda og starfsfólks.
- Hann hefur yfirsýn yfir rýmingu og er hreyfanlegur.
- Hann fær ritara sér til aðstoðar.
- Hann þarf að upplýsa skólastjórnendur um gang rýmingar.
- Hann tekur ákvörðun ásamt skólastjórnendum um að koma nemendum í skilgreinda fjöldahjálparstöð.
- Starfsfólk kemur mikilvægum upplýsingum um stöðu mála til rýmingarstjóra.

Hlutverk starfsfólks:

- Starfsfólk upplýsir nemendur um hættuástand og vísar þeim í heimastofur.
- Almennir starfsmenn skipta sér á alla útganga skólans til að varna því að nemendur hlaupi út (yngsta-, mið- og elsta stigs, skrifstofu, bókasafn, Tjarnarsal, starfsmanna, smíðastofu, náttúrufræði, unglíngagangar efri og neðri). Ef nemandi yfirgefur byggingu eru foreldrar látnir vita.
- Allir kennarar taka manntal m.v. nemendalista í Mentor eða í rýmingartösku. Rýmingarstjóri fær eintak af nemendalista ásamt starfsmannalista.
- Ef til rýmingar kemur á meðan frímínútur/matur stendur yfir er hringt inn og nemendum safnað í sínar heimastofur. Alltaf með yfirvegum og ró að leiðarljósi.
- Gæta þarf þess að enginn nemandi fari úr kennslustofu. Ef nemandi þarf að fara á salerni þá fær hann fylgd.
- Kennari bíður með nemendum inni í stofu þar til foreldri eða staðgengill sækir nemanda. Nemendur fá ekki að fara úr húsi einir. Nemendur í íþróttahúsi og sundi, ásamt Frístund safnast saman í íþróttasal og fara svo í fylgd starfsmanns í sína heimastofu. Nemendur í Riddaragarði fara í sínar heimastofur.
- Kennari merkir við á nafnalista þegar búið er að sækja nemanda. Nemendur eru ekki látnir í hendur annarra en eru á aðstandendalista í Mentor eða staðgengla foreldra sem þeir hafa gefið upp fyrirfram til skóla.
- Skólinn hefur ekki leyfi til að biðja um persónuskilríki og verður að duga að barnið þekki viðkomandi sem sækir og geti staðfest hver hann er.
- Þegar búið er að sækja flesta nemendur, verður þeim sem eftir eru safnað í safnstofu af rýmingarstjóra. Kennari afhendir nafna- og aðstandendalista til rýmingarstjóra og lætur vita þegar hann hyggst yfirgefa skólann.
- Þegar kennari yfirgefur stofuna síðastur þarf að loka gluggum og hurðum (**ekki læsa**).
- Allt starfsfólk hefur hlutverk og hjálpar til ef til hættuástands kemur. Starfsfólk fari ekki heim nema í samráði við stjórnendur og með vitneskju rýmingarstjóra.
- Starfsfólk með börn utan Voga eru í forgangi að fara og sækja.

Foreldrar:


- Ritari sendir út skilaboð (sms í Mentor) með upplýsingum þegar ákveðið hefur verið að virkja viðbragðsáætlun skólans.
 - *Sms-texti: Viðbragsáætlun vegna hættuástands hefur verið virkjuð í Stóru-Vogaskóla. Vinsamlegast gerið ráðstafanir með að sækja barn í skóla, sími 4406250, skólastjórnendur.*
- Foreldrar/staðgenglar þurfa að sækja börnin við inngang skólans.
- Ekkert barn verður sent út án fylgdar foreldris/staðgengils.
- Starfsmaður verður í skólanum þar til búið er að sækja alla nemendur eða koma þeim í öruggt skjól í samvinnu við aðgerðarstjórn.
- Foreldrar verða að gera ráð fyrir miklu umferðarálagi í Vogum og þá sérstaklega við skólann komi til hættuástands á skólatíma.
- Aðgerðarstjórn mun leitast við að vera með umferðarstýringu við skóla komi til hættuástands.

Annað:


- Tjarnarsalur er skilgreindur sem fjöldahjálparstöð og þarf að tryggja að hann sé laus sem slíkur þegar hættuástand skapast.

Yfirvegum og ró er mikilvæg.

Útgönguleiðir í skólanum:



Flóttaleiðir og rýmingaráætlun:



RÝMINGARÁÆTLUN VEGNA ELDGOSA Á REYKJANESI

Viðkomandi eru hverfi sem hafa verið teiknuð upp í aðgerðargrunn SL og búið að setja upp rýmingarsvæði eftir kortum frá Sveitarfélaginu Vogum.



- Vogar-Græna hverfið** – Íbúðarhúsnæði ásamt leikskóla. Þetta hverfi er í forgangi í rýmingu.

Eftirfarandi götur eru í þessu hverfi: Suðurgata, Brekkugata, Hvammsgata, Fagradalur, Míddalur, Heiðardalur, Lyngdalur, Hvammsdalur og Suðurgata 1-5 er Leikskólinn.
- Vogar-Rauða hverfið** – Íbúðarhúsnæði, grunnskóli, samþýliskjarni eldri borgara í Akurgerði 25. 13 íbúðir alls. Þetta hverfi er í forgangi í rýmingu.

Eftirfarandi götur eru í þessu hverfi: Vogagerði, Akurgerði, Aragerði, Ægisgata, Hofgerði, Tjarnargata, Kirkjurgerði, Heiðargerði og Grunnskólinn er í Tjarnargötu 1-3.
- Vogar-Gula hverfið** – Í þessu hverfi er íþróttamiðstöð og íþróttavöllur einnig er tjaldsvæðið og iðnaðarsvæði við höfnina.

Eftirfarandi götur eru í þessu hverfi: Mýrargata, Marargata, Hólagata, Austurgata, Egilsgata, Hafnargata, Grænborg, Vesturborg, Hrafnaborg, Gislaborg, Staðarborg og Sjávarborg
- Vogar-Bláa hverfið** – Íbúðarhúsnæði-Léttur iðnaður, bæjarskrifstofur og þjónustu miðstöð bæjarinnar er í þessu hverfi.

Eftirfarandi götur eru í þessu hverfi: Skyggnisholt, Breiðuholt, Lyngholt, Iðndalur, Heiðarholt og Keilisholt.

Þörf á aðstoð: Neyðarlínan – 112

Þörf á upplýsingum: Hjálparsími Rauða Krossins: 1717

Endurskoðað af verkefnastjóra hjá Almannaþingunum, skólastjóra Stóru-Vogaskóla og verkefnastjóra upplýsingamiðlunar hjá Sveitarfélaginu Vogum þann 29. október 2024. Lagt fyrir bæjarráð 8.1.2025.